

Sumarbústaður borgarstjórnar að Úlfjótavatni Reglur

Sumarhús borgarstjórnar á Úlfjótavatni er til afnota fyrir borgarfulltrúa, yfirstjórn Reykjavíkurborgar og aðra starfsmenn eins og tilgreint er í reglum þessum.

Rétthafar:

Hópur 1, forgangshópur

Borgarstjóri
23 borgarfulltrúar
Umsjónarmaður á skrifstofu borgarstjórnar

Hópur 2

Yfirstjórn Reykjavíkurborgar
8 fyrstu varaborgarfulltrúar

Hópur 3

Varaborgarfulltrúar
Aðstoðarmaður borgarstjóra
Framkvæmdastjórar borgarstjórnarflokka

Hópur 4

Starfsfólk skrifstofu borgarstjórnar
Starfsfólk Ráðhúss

Leiga á úthlutunartímabilum

Sumarhúsinu er úthlutað sérstaklega til borgarfulltrúa í forgangshópi á eftirfarandi úthlutunartímum:

Vetrarfrí grunnskóla: samkvæmt skóladagatali grunnskóla Reykjavíkur
Jól og áramót: frá og með 23. desember til 2. janúar eða samkvæmt ósk
Hvítasunnuhelgi
Páskar: Frá og með miðvikudegi fyrir páska í eina viku.
Sumar: Frá fyrsta fimmtudegi í júní í 11 vikur. Skiptidagar eru á föstudögum

Á úthlutunartímabilum hefur sá aðili sem óskar eftir vikuleigu/lengri leigu forgang umfram helgarleigu.

Leiga utan úthlutunartímabila

Óski tveir eða fleiri eftir afnotum á sama tíma, ræður að jafnaði hver pantaði fyrr þó þannig að hópur 1 hefur alltaf forgang. Helgarleiga hefur á sama hátt forgang umfram þann sem óskar eftir sólarhringsleigu.

Utan úthlutunartíma stendur húsið hópi 1 til boða í viku-, helgar- eða sólarhringsleigu. Ef enginn hefur óskað eftir afnotum og húsið er laust í upphafi viku er aðilum í hópi 2 boðin afnot. Ef enginn af rétt höfum hefur þá óskað eftir bústaðnum er hann boðinn hópi 3 til leigu með stuttum fyrirvara og svo hópi 4, að jafnaði samdægurs. Óski tveir eða fleiri eftir afnotum á sama tíma, ræður að jafnaði hver pantaði fyrr þó þannig að hópur 1 hefur forgang umfram aðra.

Ef óskað er eftir afnotum af húsinu skal snúa sér til skrifstofu borgarstjórnar.

Almennt

Húsið er á einni hæð og skiptist í forstofu, alrými með stofu og eldhúsi, baðherbergi með sturtu og þvottavél, hjónaherbergi með rúmi sem er 160 x 200 en því má skipta í tvö 80 x 200 rúm auk tveggja svefnherbergja með kojum (svefnaðstaða fyrir 6) Í geymslu er gasgrill. Útipallur með heitum potti, borði, stólum og sólstólum. Vikuleiga á sumrin er frá kl. 15:00 á föstudegi til kl. 12:00 á hádegi föstudags. Lyklar eru afhentir á skrifstofu borgarstjórnar og skilað þangað strax að lokinni dvöl.

Ef ræstingu er ábótavant eða ef eitthvað er bilað/þarf að endurnýja skal láta umsjónarmann á skrifstofu borgarstjórnar vita.

Nettenging er í húsinu og hægt er að kaupa sumarbústaðaaðgang að Stöð 2, upplýsingar um það er að finna í húsinu.

Enginn umsjónarmaður er á svæðinu og því þurfa gestir að gæta þess að hafa meðferðis eftirfarandi hluti:

- tuskur
- moppu
- viskustykki
- sængurföt
- handklæði

Ræstingavörur, salernis- og eldhúspappír er í bústaðnum, látið umsjónarmann vita ef birgðir klárast eða ef lítið er eftir þegar þið farið. Ef gasið klárast þarf að kaupa nýjan kút og taka nótu svo umsjónarmaður geti endurgreitt.

Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum fyrir heita pottinn sem er að finna við stjórnborðið fyrir pott við útidyrhurð. Ef átt er við mælana getur það sett kerfið úr skorðum. Yfir vetrartímann er ekki ráðlagt að tæma pottinn við komu í húsið því það tekur langan tíma að renna í hann aftur og vatnið getur verið lengi að ná nægum hita. Klórtöflur eru að finna í skápnum í forstofunni. Einungis er mælt með að tæma hann til að þrifa við brottför en mikilvægt að láta renna í hann aftur áður en bústaður er yfirgefinn.

Gangið vel um húsið og umhverfið. Við brottför skal skila húsinu hreinu og snyrtilegu, Munið að setja uppþvottavél í gang áður en farið er og taka alla matvöru úr skápum og ísskáp nema þá sem fylgir húsinu þ.e. krydd og olía.

Þrifið vel öll borð, glugga, ísskáp, ofn, vaska og salerni. Látið allt rusl í sterka poka, lokið þeim vel og setjið í ruslagám á svæðinu. Ryksugið og skúrið öll gólf. Þrifið útigrillið vel. Dragið gardínur fyrir glugga en gætið að því að skilja eftir 2-5 cm bil frá gluggakistu, svo ekki myndist raki. Ekki loka fyrir vatn yfir vetrartíma (rofinn við hurðina sem stendur á vatn) eða slá út rafmagni. Gangið úr skugga um að allar hurðir séu læstar, það hefur komið fyrir að þær kviklæsisst. **Heitan pott þarf að tæma, þrifa og fylla aftur fyrir brottför.**

Gjald fyrir afnot af sumarhúsinu fylgir gjaldskrá orlofssjóðs Sameykis og er innheimt um næstu mánaðamót eftir afnot. Ef fallið er frá úthlutun eða pöntun, innan tveggja sólarhringa frá því að dvöl á að hefjast, skal viðkomandi greiða 25% af leigunni, nema takist að koma húsinu í útleigu til annars aðila.